

Fundargerð

139. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn á Höfn í Hornafirði og á fjarfundi, mánudaginn 24. febrúar kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrússon, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Eyrún Fríða Árnadóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi útivistarsamtaka,
Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – Höfn,
Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – Skaftafell,
Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði – Höfn,
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði – Skaftafell,
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði Náttúruverndarstofnunar.

1. Svæðisráð 2025-2028 - Kjör formanns og varaformanns - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0109

Samkvæmt ákvæðum laga, kýs svæðisráð sér formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann.

Lagt til að Sigurjón Andrússon verði formaður og Eyrún Fríða Árnadóttir varaformaður svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Samþykkt samhljóða.

2. Náttúruverndarstofnun - fyrstu skref nýrrar stofnunar - 202502-0106

Forstjóri skýrði frá fyrstu vikum í starfsemi nýrrar Náttúruverndarstofnunar.

Verkefnið er umfangsmikið en gengur skv. áætlun að púsla málum fyrri stofnana saman í eina. Opnunarhátíð Náttúruverndarstofnunar er á dagskrá n.k. fimmtudag á Hvolsvelli.

Rætt um stöðu Vatnajökulspjóðgarðs og sýnileika á Höfn í Hornafirði, en forstjóri áformar staðfund með fulltrúum svæðisráðs innan skamms.



Rætt um lagabreytingar og vinnu við þær, í samhengi við fyrri umræðu um ráðstöfun sértekna. Vinna við lagabreytingar stendur yfir, forstjóri kannar stöðu frumvarpsins og hvort fjallað er um ráðstöfun sértekna í frumvarpinu.

Rætt um skipan fulltrúa í svæðisráð og óheppilega skörun við skipunartíma sveitarstjórna, sem forstjóri fylgir eftir inn í ráðuneytið.

Spurt um störf og hlutverk þeirra á suðursvæði og þá breytingu sem einhverjir á svæðinu upplifðu við að tveir starfsmenn sem unnu svæðisbundið, væru með skipuriti nýrrar stofnunar færðir í miðlæga starfsemi og þar með minnkaði afl þeirra í stuðningi við starfsemi þjóðgarðsins á svæðinu. Forstjóri bendir á, að þrátt fyrir nýtt skipurit, eru verkefnin svipuð. Stefnt að því að fara yfir þessi mál og nýtt skipurit á staðarfundi.

3. Rekstraráætlun 2025 - 202502-0108

Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri Náttúruverndarstofnunar kom til fundar.

Fjármálastjóri kynnti stöðu við vinnu rekstraráætlunar Náttúruverndarstofnunar 2025. Sú vinna stendur nú sem hæst. Fyrir suðursvæði er byggt á grunni þeirra áætlana sem unnar höfðu verið á vettvangi Vatnajökulspjóðgarðs í lok síðasta árs. Um mánaðarmót munu línur skýrast, fjárheimildir nýrrar stofnunar liggja ljósar fyrir og verða í kjölfarið kynntar fyrir svæðisráði.

Til kynningar.

4. Fundaáætlun 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0110

Skv. nýjum lögum, er skylda forstjóra að sitja fundi svæðisráða og stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Þetta ákvæði er í skoðun og verður fundaáætlun tekin til skoðunar í samhengi við niðurstöðu þess.

Fundaáætlun svæðisráðs 2025 var samþykkt af þáverandi svæðisráði í desember 2024. Fundaáætlun lögð fram að nýju óbreytt.

Lagt til að mars-fundur verði færður til mánudagsins 10.mars, en áætlunin haldist að öðru leyti óbreytt. Samþykkt samhljóða.

5. Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - 202502-0112

Stephan Mantler formaður fagraðs um íshellaferðir og jöklagöngur og Íris Ragnarsdóttir Pedersen fulltrúi í fagraði um íshellaferðir og jöklagöngur, komu til fundar.

Formaður svæðisráðs gerði stuttlega grein fyrir vinnu sem fram fór sl. haust í samhengi við það að komið var á fót matshópum og fagraði. Fulltrúar fagraðs skýrðu frá vinnu fagraðs og matshópa undanfarið og stöðu mála vegna íshellaferða og jöklagangna. Það hefur eðlilega tekið tíma fyrir fyrirtæki að skynja þennan nýja vettvang, verða virkir þátttakendur, samstarfið að slípast til og finna leiðir að skilvirkum tæknilausnum og samskiptaformi. Í heildina hefur verkefnið gengið mjög vel og lofar góðu. Það er eftir því tekið að starfseminni eru settar skýrar öryggiskröfur og fagmennska og gæði vaxa að sama skapi.



Formaður fagraðs fór yfir áhættumat og framkvæmd þess, skráningarformið/mælaborðið og myndasíðu.

Gott eftirlit er lykilatriði, það hefur af hálfu Vatnajökulspjóðgarðs verið til fyrirmyndar á Breiðamerkurjökli en þarf að auka vestar. Mikilvægt er að tekið sé á brotum sem fyrst eftir að þau koma upp, að mörk brota/afleiðinga séu skýr og viðbragðið þá af festu. Stofnanabreytingar hægðu á þessu á tímabili, en kerfin óðum að komast í lag.

Stephan Mantler og Íris Ragnarsdóttir Pedersen fóru af fundi.

Farið yfir innkomnar sértekjur af íshellaferðum og jöklagöngum (19 m.kr.) og ráðstöfun þeirra til ráðgjafavinnu og kostnað við greiðslur til fulltrúa í fagraði (alls 12 m.kr.).

Svæðisráð lýsir mikilli ánægju með það grettistak sem hefur verið lyft í samhengi við utanumhald með starfsemi í íshellaferðum og jöklagöngum. Svæðisráð þakkar fagmennsku fulltrúa í fagraði og matshópum og ekki síður starfsfólki sem hefur unnið að málunum af krafti.

Svæðisráð óskar þess að fundargerðir fagraðs verði lagðar fyrir fundi svæðisráðs suðursvæðis.

Svæðisráð óskar þess að boðaður verði fundur með fagraði og samningshöfum þar sem farið verði yfir fyrirkomulag jöklagangna og íshellaferða á næstu mánuðum.

6. **Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113**

Á 137. fundi svæðisráðs 13. nóvember 2024 lagði ráðið til að í byrjun árs 2025 yrði komið á fót starfshópi um framtíðarfyrirkomulag samninga um íshellaferðir og jöklagöngur. Þar með talin var vinna við mótun skilyrða fyrir úthlutun. Samhliða var stefnt að gerð þriggja ára samninga frá 1. október 2025.

Síðan þá, hefur þrátt fyrir mikinn vilja til þessa verkefnis, farið mikil orka í stofnanabreytingar og lítur nú út fyrir að 2025 verði einungis hægt að úthluta til eins árs, en þá til þriggja ára frá og með hausti 2026.

Til vinnu í umræddum starfshópi hafa eftirtalin tilnefnt fulltrúa: Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK), Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi (AIMG) og Náttúruverndarstofnunar (Vatnajökulspjóðgarður). Á næsta fundi verði skipaður fulltrúi svæðisráðs suðursvæðis.

Lagt fram til kynningar.

7. **Samningur - Heinabergslón - Kajaksiglingar - 202502-0114**

Greint frá framlengingu samnings til kajaksiglinga á Heinabergslóni, út september 2025. Vinna er hafin við gerð skilmála auglýsingar vegna næstu samningsgerðar.

Lagt fram til kynningar.



8. Jökulsárlón - sérleyfi - siglingar - auglýsing 2025 - 202502-0115

Rætt um yfirstandandi vinnu við gerð auglýsingar um úthlutun sérleyfa til siglinga á Jökulsárlóni. Áformað er að auglýsa á vordögum 2025.

Lagt fram til kynningar.

9. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073

Þjóðgarðsverðir fara yfir stöðu mála og verkefni líðandi stundar.

Lagt fram til kynningar.

10. Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag - Hoffell - Hornafjörður - 202501-0073

Axel Benediktsson, sérfræðingur Náttúruverndarstofnunar kom til fundar og skýrði frá ferli umsagna í nýrri Náttúruverndarstofnun. Nú stendur yfir mótun á samspili þess ferlis, við stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs, þ.e. svæðisráðin og svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs.

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sveitarfélaginu Hornafirði, um skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsvinnu og breytingu aðalskipulags vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar við Hoffell.

Umsögn verði lögð fram í svæðisráði suðursvæðis á næsta fundi, 10. mars.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Fundi slitið kl. 12:00.